

Fréttir frá starfshópi um samfélagsteymisvinnu

19. nóvember 2008

Nú um miðjan nóvember kemur frá okkur stutt samantekt um starf starfshóps sem vinnur að tillögum að samfélagsteymi. Hópurinn samanstendur af 7 aðilum þar af eru 6 sem hafa mikla reynslu af greiningu og vinnu með geðfatlaða. Þetta er afskaplega litríkur og skemmtilegur hópur sem iðar allur af reynslu og þekkingu. Samræður og samskipti öll hafa því verið sérstaklega ánægjuleg.

Fundir hópsins hafa verið vikulega 1 og ½ tíma í senn eða alls 8 fundir

Hópurinn hefur einbeitt sér að gagnaöflun. Þannig hafa reynsluboltarnir í hópunum kynnt sín sérsvið og vinnu og þeirra aðkomu að málefnum geðfatlaðra. Við höfum einnig fengið utan að komandi kynningar t.d. vettvangsteymi BUGL. Hópurinn fór í heimsókn á búsetuheimili og áfangaheimili sem nú eru starfrækt í Reykjavík. Þær heimsóknir voru afar ánægjulegar og lærdómsríkar.

Hópurinn er búinn að afla gagna og skilgreina þær bjargir sem nú eru fyrir hendi í Reykjavík fyrir geðfatlaða. Næst er að koma sér saman um hvernig hópurinn vill sjá samfélagsteymið starfa í Reykjavík, hvernig það á að vera samsett, umfang og verkefni þess o.fl. sem því fylgir. Hópurinn er bjartsýnn og telur sig geta komist langt með tillögugerð fyrir 20. desember eins og áætlað var.

Hver erum við?

Auður Axelsdóttir, Geðheilsumiðstöð
Heilsugæslunnar,
Ásta K. Benediktsdóttir, Velferðarsvið ,
Guðbjörg Sveinsdóttir, Landspítalinn
Helgi Viborg, Velferðarsvið
Herdís Hólmsteinsdóttir, Svæðisskrifstofa
málefna fatlaðra Reykjavík
Páll Matthíasson, Landspítalinn
Sigríður H. Bjarnadóttir, Heilsugæslan –
Miðstöð heimahjúkrunnar